



Fréttabréf Brekkuskóla

13. desember 2011
2. tbl. skólaárið 2011 - 2012
Ábyrgðarmaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Ágæta skólasamfélag.

Að afloknu mati á miðri önn á unglingastigi og leiðsagnarmati á yngsta- og miðstigi hafa farið fram nemendaviðtöl þar sem umsjónarkennarar setjast niður með nemendum og farið er yfir nám og líðan í skólastarfinu. Einnig hafa helstu atriði verið dregin saman þar sem foreldrar og nemendur hafa komið með ábendingar og hugmyndir fyrir skólastarfið. Starfsfólk Brekkuskóla þakkar það góða samstarf. Það sem hins vegar veldur okkur þó nokkrum áhyggjum er hversu margir foreldrar svara ekki þessu mikilvæga mati með börnum sínum þrátt fyrir ábendingar og ítrekanir þar um. Jafnframt hefur skólinn góðfúslega minnt foreldra á upplýsingaskyldu og skyldur foreldra skv. 18. og 19. gr. grunnskólalaga sem felur í sér mikla ábyrgð á skólagöngu barna þeirra. Aldrei verður of oft ítrekað hversu mikilvægt samstarf heimilis og skóla er í þessu sambandi og leiðsagnarmatið er ein leiðin til að einfalda aðgengi og upplýsingastreymi milli þessara mikilvæga aðila í lífi hvers nemanda.

Núverandi vika er síðasta hefðbundna kennsluvikan fyrir jól. Á föstudaginn verður Brekkuvísið á unglingastigi og á sama tíma fer Heimir Bjarni á milli stofa með gítarinn í 1. - 7. bekk og tekur nokkur jólalög með nemendum. Á mánudaginn ætlum við síðan að hafa tilbreytingardag þar sem við ætlum að kenna nemendum ýmis gömul og ný spil, fönndra, smíða og leika svo eitthvað sé nefnt. Ekki verður hægt að lofa því að allir fái að fara í öll verkefni, en þannig er það líka stundum að maður getur ekki fengið allt. Eitt er þó víst að allir munu hafa nóg fyrir stafni. Skóla lýkur þennan dag þegar nemendur hafa lokið við hádegisverð. Litlu jólin verða síðan haldin hátíðleg þriðjudaginn 20. desember samkvæmt auglýsingu á vef skólans www.brekkuskoli.is og í föstudagspóstum kennara.

Það er óhætt að segja að skólastarfið hafi gengið vel það sem af er þessu skólaári og margt verið framkvæmt og numið. Vettvangsferðir og útvist ýmis konar hefur verið í bland við annað nám, verklegt jafnt sem bóklegt. Það á bæði við um nemendur og starfsfólk. Starfsfólkið hefur verið mjög duglegt að verða sér úti um fjölbreytta endurmenntun og í hugum þeirra heyrir mér námsferðin til Washington í október það sem helst stendur upp úr. Þar fékk starfsfólkið leiðsögn og þjálfun í uppbyggingarstefnunni auk þess að heimsækja þrjá mismunandi skóla.

- Með ósk um gleðilega jólahátíð framundan -
Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólaflokkari

Framundan...

16. desember
Brekkuvísið hjá unglingastigi
Söngur í stofum hjá yngsta- og miðstigi

Foreldrar fá send boð í viðtöl í janúar 2012 þennan dag

19. desember
Tilbreytingardagur
Spila- og leikjapema
Öllum árgöngum blandað saman

20. desember
Litlu jól samkvæmt
auglýsingu hér í blaðinu og á vefsíðu skólans
www.brekkuskoli.is

3.-4. janúar
Viðtalsdagar samkvæmt
boðun frá umsjónarkennara

5. janúar
Fyrsti kennsludagur á nýju ári samkvæmt stundaskrá



Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Brekkuskóli

v/Skólastig
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is
brekkuskoli@akureyri.is

Laufabrauð skorið út og steikt

Mynstrað munngæti er verkefni sem að snýr að mynsturgerð í íslenskri matarhefð. Vissir þú að íslenskt laufabrauð er einstakt í heiminum?

Laufabrauð þróaðist á íslenskum heimilum þegar takmarkað mjöl var til og þjóðin nýtti hugvit og handverk til að skapa list úr litlu. Þannig urðu örþunnar laufabrauðskökur brauð sjálfrar jólahátíðarinnar og útskurður alþýðulistamanna bætti upp hve matarlítil kakan var í raun.

(Sótt af www.merkilegt.is)

Í Brekkuskóla læra nemendur meðal annars að skera út og steikja laufabrauð eftir íslenskri hefð.



Gralið er fundið!

Hvað er *grenndargralið*? Það er bikar sem þátttakendur *Leitarinnar* keppast við að finna en hann er staðsettur á Akureyri.

Orðið er samsett, sett saman úr orðunum *grennd* og *gral*. Grennd er kvenkynsorð og hefur sömu merkingu og orðin *nágrenni* og *gleða umhverfi*. Orðið *gral* er ýmist notað í karlkyni eða hvorugkyni. Upphaf þess má rekja til notkunar á enska orðinu *grail* sem þýðir *kaleikur* og eða *heilagur bikar*.

Markmið þeirra sem taka þátt í *Leitinni að grenndargralinu* er að finna gralið. Þátttakendur þurfa að leysa hin og þessi verkefni, ráðgátur og þrautir. Með því öðlast þeir rétt til að leita að gralinu sem er falið innan bæjarmarkanna. Verkefnið og nafn bikarsins eru tilvísun í hina klassísku goðsögu um hið heilaga gral Krists. Segir sagan að Jesús hafi drukkið af gralinu þegar hann snæddi síðustu kvöldmáltíðina með lærisveinunum. (Af www.grenndargral.is)

Umsjónarmenn *Leitarinnar* óska sigurvegurunum og öllum þeim sem fóru alla leið og kláruðu þrautirnar tíu til hamingju með árangurinn. Þið stóðuð ykkur vel og megið vera stolt af frammistöðu ykkar. Með henni hafið þið verið öðrum góð fyrirmynd og sýnt að með þrautseigju og áræðni er hægt að ná langt.



Aron Fannar Skarphéðinsson 10. FDG og Magnús Mar Völjaots 9. SÁ fóru alla leið og kláruðu þrautirnar tíu. Til hamingju með árangurinn!

Litlu jólin 2011



Frístund opnar kl.08:00 fyrir nemendur sem þar eru skráðir.

Nemendur í 2., 4. og 6. bekk mæta klukkan 08:00 í heimastofur. Klukkan 09:00 koma þau á sal skólans, þar sem verður dansað í kringum jólatré. Skóladegi lýkur klukkan 10:00 og Frístund opnar fyrir nemendur sem þar eru skráðir.

Nemendur í 3., 7. og 9. bekk mæta klukkan 09:00 í heimastofur. Klukkan 10:00 koma þau á sal skólans, þar sem dansað verður í kringum jólatré. Skóladegi lýkur um klukkan 11:00 og Frístund verður opin fyrir nemendur sem þar eru skráðir.

Nemendur í 1., 5., 8. og 10. bekk mæta klukkan 10:00 í heimastofur. Klukkan 11:00 koma þau á sal skólans, þar sem dansað verður í kringum jólatré. Skóladegi lýkur um klukkan 12:00. Frístund verður opin fyrir nemendur sem þar eru skráðir.

Kennsla hefst á nýju ári með samræðu foreldra, nemenda og kennara 3. og 4. janúar samkvæmt útsendu fundarboði frá umsjónarkennurum í netpósti. Viðtalsboð verða send út fyrir litlu jólin.

Gleðilega jólahátíð !

Starfsfólk Brekkuskóla

Myndir úr Frístund



Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir



Starfsfólk Brekkuskóla er hér á námskeiði um uppbyggingarstefnuna sem fram fór á hótelinu sem við gistum á í Washington. Starfsfólkið fékk þjálfun í að vinna verkefni, hugmyndir fæddust og starfsfólkið fékk tækifæri til að máta sig við stefnuna. Við erum enn í innleiðingarferli og enn erum við að þjálfast í aðferðum stefnunnar í skólastarfinu. Allt tekur þetta tíma og óhætt er að segja að allir leggja sig fram um að gera vel.



Jóhanna María skólastjóri afhendir hér kollega sínum í einum skólanum sem heimsóttur var þakklætisvott frá starfsfólki Brekkuskóla. Starfsfólkið skipti sér niður í heimsóknir í þrjá mismunandi skóla og hefur miðlað sín á milli upplýsingum um þá eftir að heim var komið. Margt getum við verið ánægð með hér í Brekkuskóla miðað við þessa bandarísku skóla, en einnig gátum við tekið með okkur hugmyndir sem við sáum og lærðum af þeim.

Brekkuvision og söngur í stofum

Brekkuvision á unglingastigi verður föstudaginn 16. des. kl. 09:40 - 12:00. Þá spreyta nemendur sig í hæfileikakeppni á sal þar sem hver bekkur kemur með atriði eitt eða fleiri. Miðað við æfingar og undirbúning nemenda verður keppnin æsispennandi í ár.

Söngur í stofum verður föstudaginn 16. des. hjá yngsta og miðstigi.

Þennan dag mun Heimir Bjarni koma og syngja í stofum með nemendum á yngsta og miðstigi.

kl.08:00 - 2. bekkur
kl. 08:20 - 3. bekkur
kl.08:40 - 1. bekkur
kl.09:40 - 4. bekkur
kl.10:10 - 5. bekkur
kl.10:30 - 6. bekkur
kl.11:00 - 7. bekkur



Það á að gefa börnum brauð að bíta í á jólnum...

Hafragrautur er í boði alla daga!
kl. 07:45 - 08:00 og í fyrstu frímínútum í 8. - 10. bekk.

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir